

Að lesa og leika list er góð

Þróunarverkefni unnið á árunum 2015-2017

Undanfari

Í leikskólanum Reynisholti var unnið þróunarverkefnið Orð af orði, orðs ég leitaði á árunum 2008-2011. Guðrún Sigursteinsdóttir var verkefnastjóri og Guðrún Grímsdóttir var tengiliður og stýrði verkefninu innan leikskólans. Markmið verkefnisins var að efla hljóðkerfis- og hljóðvitund barna. Þeir þættir sem unnið var með eru orðnir fastir liðir í daglegu starfi skólans auk þess sem leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu með aðgerðaráætlun. Einn þáttur þróunarverkefnisins var að nýta hlutverkaleikinn sem námsleið í að efla orðaforða og málvitund og kom sterklega í ljós að þarna lágu mikil tækifæri, sérstaklega fyrir tvítyngd börn. Því förum við nú af stað með nýtt þróunarverkefni sem beinir sjónum sínum sérstaklega að hlutverkaleikum. Verkefnið miðar að því að vinna með læsi í gegnum hlutverkaleik með áherslu á að efla orðaforða og málnotkun. Augum verður sérstaklega beint að tvítyngdum börnum og hvernig styðja megji við máltöku þeirra m.a. í gegnum hlutverkaleik og með aukinni foreldrasamvinnu.

Markmið verkefnisins eru:

- Að efla orðaforða og málnotkun barna í gegnum hlutverkaleik og beina sjónum sérstaklega að tvítyngdum börnum.
- Að efla foreldrasamvinnu um læsishvetjandi umhverfi.
- Að auka þátttöku og rödd foreldra tvítyngdra barna í leikskólastarfinu.
- Að þróa verkfæri fyrir kennara til að vinna með læsi í gegnum hlutverkaleik.

Áætlaður afrakstur verkefnis

Skýrsla með niðurstöðum og aðferðum verkefnisins verður gefin út og kynnt. Kennarar skólans fá hagnýtt verkfæri til að vinna eftir sem getur nýst öðrum kennurum. Aukin færni barna í sínu móðurmáli sem leiðir til aukinnar færni í íslensku. Aukin þekking allra foreldra á hlutverki sínu varðandi móðurmál og læsi.

Miðlun á afrakstri verkefnisins

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu verkefnisins á foreldrafundum og framfarir barns síns í foreldraviðtölum. Skýrsla verður unnin varðandi útkomu verkefnisins og hún kynnt innan skólasamfélagsins. Leitað verður eftir því að fá að kynna verkefnið innan Skóla- og frístundasviðs og þannig veita kennurum og stofnunum aðgang að þeim aðferðum sem reyndust vel. Meistaraprófsritgerð nema verður kynnt innan háskólasamfélagsins sem og meðal foreldra og kennara.

Verkefnið

Í leikskólanum Reynisholti hefur verið unnið mikið og gott starf varðandi læsi í víðum skilningi. Þróunarverkefnið Orð af orði, orðs ég leitaði átti stóran part í því og hafa áherslur þess verkefnis fest sig í sessi innan starfshátta leikskólans. Reynisholt var tilraunaskóli fyrir námsgögnin Sögugrunn og Orðahljóð sem Guðrún Sigursteinsdóttir, leikskólaráðgjafi í þjónustumiðstöð Breiðholts hannaði. Í dag

vinna margir leikskólar með þessi námsgögn enda voru niðurstöður þróunarverkefnisins þær að börnin sem tóku þátt í verkefninu voru betur undirbúin undir lestrarnám en viðmiðunarhópurinn. Lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi og má þar nefna læsi á umhverfi sitt allt frá þekkingu á staðháttum, áhrif okkar á náttúruna til orðaforða og hugtakaskilnings. Unnið er með læsi á sínar eigin tilfinningar og annara s.s. í snertistundum og við sögugerð í jólgastundum. Auk þess notum við sögutöskur, bókaormurinn fer heim og mikið er lesið af góðum bókum.

Læsisstefna Reynisholts var sett fram haustið 2014 og er þetta þróunarverkefni framhald af þeirri vinnu. Leitað hefur verið til okkar til að kynna hvernig við vinnum með læsi í víðum skilningi. Við höfum haldið fyrirlestra m.a. á ráðstefnu um Læsi í víðum skilningi á vegum Skóla- og frístundasviðs, á starfsdögum í leikskólum, hjá Skóla- og frístundasviði tengt kynningu á Læsisstefnu SFS og á alþjóðlegri ráðstefnu um eflingu samstarfs milli skólastiga í Háskóla Íslands. Nú á vormánuðum munu svo leikskólar innan hverfis okkar vinna sameiginlega læsisstefnu. Í haust var samstarf skólastiga við Sæmundarskóla endurskoðað og verður samstarfsáætlun leik- og grunnskólans um mál og læsi unnin í vor.

Leikskólinn hefur verið þátttakandi í tveimur Comeniusar verkefnum sem hafa opnað augu okkar fyrir mikilvægi þess að efla þátt fjölmennningar innan skólastarfs. Í mörgum af þeim þátttökulöndum sem við höfum heimsótt hefur hlutfall tvítyngdra barna verið hátt og höfum við orðið margt vitrari. Við sjáum þá þróun á Íslandi að tvítyngdum börnum mun fjölga og skiljum mikilvægi þess að starfshættir skóla stuðli að læsishvetjandi umhverfi með fjölbreytni í huga. Aðstoðarleikskólastjóri hefur haldið utan um verkefnið og farið í allar ferðir frá upphafi. Einnig gerðist leikskólinn Sólblómaleikskóli haustið 2014 en í því felst að við styrkjum eitt barn í SOS þorpi í Indlandi. Í gegnum það verkefni fræðast börnin um börn í öðrum löndum og aðra menningarheima og sjá hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja.

Meistaraneimi frá Háskóla Íslands mun taka þátt í verkefninu með því að veita stuðning og leiðsögn í verkefnastjórnuninni. Verður þetta þróunarverkefni hluti af meistaraprófsritgerð nemans sem jafnframt er aðstoðarleikskólastjóri Reyniholts. Stuðningurinn mun felast í leiðsögn við stjórnun, aðstoð við skipulagningu, úrvinnslu efnis, túlkun gagna, framsetningu efnis, kynningum á niðurstöðum og skýrsluskrifum. Í Reynisholti hefur hlutfall tvítyndra barna verið lágt og teljum við það sem styrk fyrir verkefnið að geta haldið vel utan um hvert og eitt barn og þannig betur metið áhrif verkefnisins.

Við stjórnendur í leikskólanum teljum mikilvægt og gerum okkur grein fyrir því að vinna með fjölmenningu og læsi á ekki síður við sem þróunarverkefni þar sem hlutfall tvítyngdra barna er lágt. Mál og læsi er að stórum hluta félagslegt nám sem byggist upp í samskiptum og samræðum um viðfangsefni þar sem skilningur og ný þekking eru markið. Hlutverkaleikurinn er félagsleg athöfn og teljum við hann vera spennandi leið til skoða og efla orðaforða barnanna.